


Alþingi
Erindi nr. P 138/2133
komudagur 10.5.2010



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. maí 2010

Til Allsherjarnefndar Alþingis.

Umsögn Fríkirkjunnar í Reykjavík um frumvarp til hjúskaparlaga (staðfest samvist), 485. mál.

Hin evangelíska lúterska Fríkirkja í Reykjavík fagnar umræddu frumvarpi um ein hjúskaparlög og styður það heilshugar.


Forstöðumaður og prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík hefur gefið saman í hjónaband jafnt samkynhneigða sem gagnkynhneigða undanfarin rúman áratug, aðeins löggildinguna hefur vantað.

Við trúum að frumvarpið sé í anda evangelísk lúterskrar trúararfleifðar og guðfræði.

Frumvarpið er í samhljóman við evangelíska lúterska kirkju á Íslandi þ.e.a.s. allan þann fjölda sem tilheyrir evangelískum lúterskum trúfélögum hér á landi, ítrekaðar kannanir hafa sýnt fram á að meirihluti þjóðar/kirkju vill að samkynhneigðir njóti sömu réttinda og gagnkynhneigðir hvað hjúskap varðar.

Fyrir hönd Fríkirkjunnar í Reykjavík

Hjörtur Magni Jóhannsson
Forstöðumaður og prestur.



110 ÁRA
1899-2009